



ALZHEIMER SAMTÖKIN Á ÍSLANDI

Fundargerð aðalfundar Alzheimersamtakanna haldinn í Hvammi, Grand hóteli, Reykjavík, 28. maí 2020, kl. 17:00

1. Setning fundar.

Árni Sverrisson, formaður Samtakanna, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann sagði frá frestun fundarins vegna ástandsins í þjóðfélaginu en fundinn átti að halda fyrri hluta þessa mánaðar.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Árni stakk upp á Sigurjóni Þórðarsyni sem fundarstjóra. Hann var samþykktur með lófataki.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn og stakk upp á Fríðu Proppé sem fundarritara. Var tillagan samþykkt með lófataki. Þá fór fundarstjóri yfir boðun fundarins sem metin var lögmæt, skv. lögum félagsins og telst aðalfundurinn því lögmætur.

3. Skýrsla stjórnar.

Árni Sverrisson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Fundarstjóri þakkaði Árna flutninginn og fundarmenn klöppuðu fyrir öflugri starfsemi samtakanna sem kom greinilega fram í skýrslunni. Sjá má skýrslu formanns á heimasíðu Alzheimersamtakanna. Sjá hér.

4. Endurskoðaðir ársreikningar Samtakanna fyrir árið 2019 lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.

Framkvæmdastjóri, Vilborg Gunnarsdóttir, gerði grein yfir ársreikningum félagsins. Sjá hér. Kom fram að staðan er almennt mjög góð.

Fundarstjóri gaf orðið laust til umræðu um reikningana og fyrir spurningar. Engar spurningar bárust.

Reikningarnir voru síðan samþykktir samhljóða með lófataki.

5. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda fyrir árið 2019 lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.

Vilborg framkvæmdastjóri fór yfir ársreikninga félagsdeilda. Þar kom fram að öll húsini eru réttu megin við núllið og sagði hún reksturinn til mikillar fyrirmyndar og gerði síðan grein fyrir einstökum liðum.

Drafnarhús – Dagbjálfun, Standgötu 75, ársreikningur ársins 2019.

Fríðuhús-Dagbjálfun, Austurbrún 31, ársreikningur ársins 2019.

Maríuhús- Dagbjálfun, Blesugróf 27, ársreikningur ársins 2019.

Vilborg notaði tækifærið og þakkaði starfsmönnum húsanna innilega fyrir frábæra vinnu við erfiðar aðstæður á COVID19 tímum. Hún þakkaði enn fremur öðrum starfsmönnum og stjórnarmönnum fyrir þeirra störf. Hún bað fundarmenn að gefa öllu þessu fólki gott klapp.

Engin kvaddi sér hljóðs um reikningana og ekki bárust fyrirspurnir úr sal.

Fundarstjóri bar upp til samþykktar ársreikninga félagsdeilda sem voru samþykktir samhljóða með lófaklappi.

6. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.

Sigríður Lóa Rúnarsdóttir forstöðumaður Fríðuhúss og Erla Einarsdóttir forstöðumaður Drafnarhúss fóru yfir lykiltölur húsanna þriggja fyrir árið 2019. Glærur sem þær kynntu eru birtar á heimasíðu samtakanna. Sjá hér.

Fundarstjóri leyfði umræður og fyrirspurnir um skýrslurnar.

Spurt var úr sal:

- Finnið þið breytingar hjá ykkur eftir að opnuð voru hundrað pláss fyrir aldraða í nýju húsi við Sléttuveg og að Seltjörn? Þær svöruðu því til að lítið hefði breyst hjá þeim, Landspítalinn hefði haft forgang að öllum þessum plássum, enda uppsöfnuð þörf þar mikil.
- Hvað þýðir að útskrifast og fara heim? Svárið var á þá lund að ekki fengjust allir til að vera í dagbjálfun, stundum kæmi fyrir að fólk vildi fremur vera heima. Dagbjálfun er ekki fyrir alla. Þær bættu því við að stöðugt væri erfiðara að fá hvíldarinnlagnir, sérdeildin í hvíldarinnlögnum sem var í Mörk hefði verið lögð niður. Það vantar sérhæfðar deildir fyrir hvíldarinnlagnir til að koma til móts við þarfir okkar fólks og aðstandenda þeirra, sögðu þær.
- Þá var spurt hvort listar væru til yfir færni- og heilsumat fólks á heimilunum þær sögðu svo vera og gerðu grein fyrir þeim tölum.
- Lokaspurningin var sú hvort þeim fyndist að fjölga þyrfti úrræðum. Þær sögðu tvímælalaust þörf fyrir fjölgun úrræða og nefndu sem dæmi að koma þyrfti

upp sambýlum með sömu virkni og í dagþjálfunum. Þannig mætti draga úr vistunarþörf á hefðbundnum hjúkrunarheimilum.

Fundarmenn gáfu Sigríði Lóu og Erlu gott klapp í lok umfjöllunar þeirra.

7. Skýrslur fagráðs og starfshópa.

Liður fellur niður. Fagráð hefur ekki verið starfandi í nokkur ár.

8. Lagabreytingar.

Eftirfarandi lagabreytingartillögur lágu fyrir fundinum: (Ath. Nýr texti er feitletraður og skáletraður. Texti sem fellur út er yfirstrikaður.)

Tillaga 1

Í 3. gr. laganna um tegund og markmið félagsins verði gerðar eftirfarandi breytingar:

Félagið er félag aðstandenda og **velunnara einstaklinga með heilabilun**. Í staðinn fellur niður ~~áhugamanna um Alzheimersjúklinga og annarra með skylda sjúkdóma.~~

Félagið er almennt félag og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með eigin **eignum**. Orðið „eignum“ kemur í stað ~~eigum~~.

Samþykkt samhljóða.

Í a) lið sömu gr. verði eftirfarandi breyting: a) Að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna, þ.e. **einstaklinga með heilabilun og aðstandenda þeirra**. Í staðinn fellur niður ~~Alzheimersjúklinga og sjúklinga með skylda sjúkdóma.~~

Samþykkt samhljóða.

Í c) lið sömu gr. verði eftirfarandi orðalagsbreyting: c) Að auka skilning og þekkingu stjórnvalda, heilbrigðisstétta og almennings á þeim **verkefnum, sem einstaklingar með heilabilun** og aðstandendur eiga við að etja. (þeirra standa frammi fyrir). Í staðinn fellur niður: ~~vandamálum, sem sjúklingar.~~

Í d) lið sömu greinar verði eftirfarandi breyting: d) **Að einstaklingar með heilabilun** fái þá heilbrigðisþjónustu og félagslegu aðstoð, sem nauðsynleg er í nútímaþjóðfélagi. Í staðinn fellur niður ~~Að Alzheimersjúklingar og aðrir, sem þjást af svipuðum sjúkdómum.~~

Samþykkt samhljóða.

Tillaga 2

Í 4. gr. laganna um félagsaðild verði gerð eftirfarandi orðalagsbreyting: Aðild að félaginu er opin öllum þeim sem hafa áhuga á og láta sig varða **einstaklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra**. Í staðinn fellur út: ~~Alheimersjúkdóminn og skylda sjúkdóma.~~

Samþykkt samhljóða.

Tillaga 3

Í 5. gr. laganna um aðalfund félagsins verði gerðar eftirfarandi breytingar: Aðalfund félagsins skal halda **ekki seinna en** í maímánuði ár hvert. Til hans skal boða með auglýsingu í **viðurkenndum miðlum** eða á annan jafn tryggilegan hátt og með tveggja vikna fyrirvara hið skemmsta og er hann þá lögmætur. Fyrri breytingin er viðbót við textann en hin síðari kemur í staðinn fyrir ~~dagblöðum~~ sem fellur út.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga 4

Lagt er til að Fagráð verði lagt niður og þar af leiðandi verði 9. gr. sem fjallar um Fagráð felld niður í heild sinni.

~~9-gr. Fagráð.~~

~~Fagráð félagsins skal skipað 6 mönnum úr jafnmörgum fagstéttum. Það skal skipað af stjórn til tveggja ára í senn. Fagráðið skal vera stjórninni til ráðuneytis um þau mál sem stjórnin vísar til fagráðsins. Fagráð getur tekið upp mál að eigin frumkvæði og lagt fyrir stjórn félagsins.~~

Vilborg gerði að beiðni fundarstjóra grein fyrir tillögunni um niðurfellingu 9. gr. um Fagráð. Hún sagði að samtökin væru nú í mjög góðri samvinnu við Minnismóttöku Landspítalans og ennfremur komin í Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Mörg ár væru síðan reynt hefði verið að halda fagráði gangandi, enda lítil þörf á miðað við núverandi starfsemi. Vilborg kvaðst hafa rætt þetta við Jón Snædal lækni sem hefði stungið upp á stofnun fagráðsins á sínum tíma. Hann hafði notað sömu orð, þ.e. að samtökin væru nú í mjög góðri samvinnu við fagfólk og hann sæi ekki þörf á því að hafa þessa grein í lögnum.

Samþykkt samhljóða.

Samþykktin leiðir til breytinga á upptalningu í 5. gr. laganna um fasta liði á aðalfundi, svohljóðandi:

- ~~7. Skýrslur fagráðs og starfshópa~~ fellur út og númerabreytingar verða á liðunum sem taldir eru á eftir:
7. Lagabreytingar. (var áður nr. ~~8~~)
 8. Kosning stjórnar. (var áður nr. 9)
 9. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga. (var áður nr. ~~10~~)
 10. Ákvörðun um árgjald. (var áður nr. ~~11~~)
 11. Önnur mál. (var áður nr. ~~12~~)

Númeraröð greina laganna sem á eftir koma breytast til samræmis við niðurfellinguna: Félagsdeildir verður gr. nr. 9, Lagabreytingar gr. 10, o.s.frv.

Tillaga 5

Í 12. gr. laganna um slit félagsins bætist við orðið „atkvæði“ í fyrstu málsgrein, ekkert fellur út. Ákvörðun um slit félagsins verður tekin á aðalfundi með 3/4 **atkvæða** þeirra sem fundinn sitja.

Í annarri málsgrein til samræmis við breytingu á 3. gr. laganna breytist „eigum“ í „eignum“. Við slit félagsins skal **eignum** þess ráðstafað í þágu fólks með heilabilun.

Samþykkt samhljóða.

Lögin með áorðnum breytingum voru síðan samþykkt í heild sinni með lófataki fundarmanna. Þau er að finna á heimasíðu samtakanna. Sjá hér.

9. Kosning stjórnar:

Arni Sverrisson, gefur áfram kost á sér til formanns til eins árs eða til 2021. Endurkjörin með lófataki fundamanna.

Tveggja ára kjörtímabili Brynjólfs Bjarnasonar og Fríðu Proppé í aðalstjórn frá 2018 rann nú út. Þau gáfu bæði kost á sér til endurkjörs og voru endurkjörin með lófataki. Sem varamenn í stjórn til eins árs voru endurkjörin með lófataki Guðlaug Alfreðsdóttir og Jón Helgason.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Guðbjörg Alfreðsdóttir voru kosin í aðalstjórn á aðalfundi 2019 til tveggja ára og sitja því í aðalstjórn til 2021.

10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga – kosnir til eins árs.

Í framboði eru Kristinn Jörundsson og Ragna Þóra Ragnarsdóttir. Ragnheiður Karlsdóttir gaf ekki kost á sér til endurkjörs og fékk bestu þakkir fyrir störf sín. Ekki bárust fleiri framboð og voru þau því réttkjörin og fengu lófaklapp fundarmanna.

11. Ákvörðun um árgjald.

Tillaga stjórnar er að árgjald verði óbreytt kr. 3000.-

Samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir tók til máls og sagði frá því hvernig væri að koma inn í stjórn Alzheimersamtakanna. Þetta starf er bæði skemmtilegt og ótrúlega fræðandi og gefandi, sagði hún og kvaðst hafa hugsað til föður síns sem fékk heilabilunarsjúkdóm. Hún sagði: „Ég vildi óska að ég hefði kynnt mér þetta fyrr, þá hefði ég skilið svo margt betur en ég gerði á meðan við tókumst á við verkefnið þegar pabbi minn greindist með heilabilun. Þá hefði ég stundum brugðist öðru vísi við.“ Hún ítrekaði að starfið í samtökunum væri bæði skemmtilegt, fræðandi og gefandi.

Ragnheiður Karlsdóttir tók til máls en hún var að segja sig frá starfi sínu sem endurskoðandi reikninga félagsins, kvaðst hafa ákveðið að taka sér frí. Hún sagði að nú væru 14 ár frá því að eiginmaður hennar var greindur með Alzheimer og lýsti ástandinu þannig að þá hefði hún hreinlega ekkert fengið að vita um sjúkdóminn. Hún sagði tilkomu samtakanna hafa breytt öllu. Hún hefði sett sér nokkur markmið þegar hún tók sæti í stjórn samtakanna m.a. að settar yrðu á samverustundir, opinber stefna í málefnum og að landlækni yrði falið að skrásetja þá sem væru með heilabilun. Ragnaheiður sagði í framhaldi af því: „Nú get ég sagt með góðri samvisku: Áfram Alzheimer.“

Ekki tóku fleiri til máls og dagskrá fundarins tæmd. Fundarstjóri þakkaði fyrir og gaf endurkjörnum formanni, Árna Sverrissyni, orðið. Formaður þakkaði traustið sem sér og endurkjörinni stjórn var sýnt en þetta er í fyrsta sinn sem stjórn samtakanna er öll kjörin óbreytt, enda er hópurinn samstilltur og góður, sagði hann. Hann þakkaði Ragnheiði Karlsdóttur fyrir allt það sem hún hefur lagt samtökunum til í gegnum árin. Árni gerði að umræðuefni það mikla og góða starf sem starfsmenn samtakanna hafa lagt á sig á erfiðum tímum, sérstaklega starfsmenn húsanna. Hann bað forstöðukonurnar að flytja þeim bestu kveðjur frá fundinum. Þá þakkaði hann fundarstjóra trausta fundarstjórn Fundarmenn tóku undir þakkir formanns með lófataki.

Árni sagði að lokum að hann vænti þess að störf stjórnar fari nú í fullan gang og að COVID 19 trufli okkur ekki meira en orðið er. Hann kvaðst vonast til að unnt yrði að skýra frá stórum og merkum fréttum af starfsemi samtakanna á næsta aðalfundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:10.